




HAFNARSVÆÐI ÞÓRSHAFNAR

Deiliskipulag - skipulagslýsing



VIÐFANGSEFNI

Skipulagslýsing þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd sveitarfélagsins Langesbyggðar. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhuguðu nýju deiliskipulagi hafnarsvæðis þórshafnar og í henni koma fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með kynningu skipulagslýsingar gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið við upphaf skipulagsvinnu.

Skipulagssvæðið er um 18,5 hektarar á hafnarsvæði þórshafnar. Afmörkun miðast við strandlínu og skipulagsmörk deiliskipulags miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg, deiliskipulags miðsvæðis við Fjarðarveg og fyrirhugað deiliskipulag suðurbæjar þórshafnar. Skipulagssvæðið er skilgreint að stærstum hluta sem hafnarsvæði í Aðalskipulagi Langesbyggðar 2007-2027 en er einnig á landnotkunarreitum fyrir verslunar- og þjónustusvæði, athafnasvæði og opin svæði til sérstakra nota. Á skipulagssvæðinu fer fram fjölbreytt hafnarstarfsemi og þar er hafskipabryggja, löndunarbryggja og flotbryggja fyrir smábáta. Eyrarvegur og Hafnarvegur eru innan skipulagssvæðis.


Með nýju deiliskipulagi fellur eldra deiliskipulag hafnarsvæðis þórshafnar (2007 m.s.br.) úr gildi en efnistök skipulagsins eru höfð til hliðsjónar í nýju deiliskipulagi. Tilgangur skipulagsins er að sameina þær breytingar sem gerðar voru á eldra deiliskipulagi og uppfæra miðað við núverandi staðhætti. Skipulagsmörk eru stækkuð frá eldra skipulagi til suðurs út fyrir hafnargarðinn og austur meðfram syðri hafnargarðinum og strandlínunni. Viðfangsefni deiliskipulagsins verða meðal annars skilgreining á núverandi og nýjum lóðamörkum, byggingarreitum, gatna- og stígakerfi og bílastæðum. Skilgreindur verður stígur út syðri hafnargarðinn með útsýnispöllum. Jafnframt er fyrirhuguð dýpkun hafnarinnar og framlenging á austur-vestur viðlegukanti vegna aukinna umsvifa á hafnarsvæðinu.

ÁHRIFAMAT

Í deiliskipulaginu verða ekki skilgreindar heimildir sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Fyrirhuguð framlenging viðlegubryggju og áhrifasvæði er undir viðmiðum töluliðs 10.10 í 1. viðauka laganna og því ekki háð umhverfismati. Í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 verður í skipulaginu lagt mat á áhrif þess á umhverfisþætti. Í skipulaginu verður sett fram húsaskráning fyrir svæðið sbr. 16. gr. laga um menningarminjar og 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fornleifaskráning var unnin 2003-2004 innan þéttbýlis þórshafnar en enginn minjastaður er skráður innan skipulagssvæðisins. Ef áður óþekktar minjar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Afmörkun skipulagssvæðis 18,5 ha

ÍSNET93 kortagrunnur Langesbyggðar
Lofmynd: Lofmyndir ehf



Aðalskipulag Langesbyggð 2007-2027 (m.s.br.)
Þéttbýlisuppráttur 1:10.000

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing þessi verður auglýst með dreifibréfi, hún verður aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins og heimasíðu þess www.langesbyggd.is. Kynningartími skipulagslýsingar og skilafrestur ábendinga mun koma fram í auglýsingu. Leitað verður umsagna til samráðsaðila og lögbundinna umsagnaraðila.

Óskað er eftir ábendingum um efni skipulagslýsingarinnar og fyrirhugað deiliskipulag frá almenningi, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum. Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar „Hafnarsvæði þórshafnar - skipulagslýsing“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:

Langesbyggð
Langesvegur 2, 680 Þórshöfn
eða á netfangið skipulag@langenesbyggd.is

Í framhaldi verður unnin deiliskipulagstillaga sem kynnt verður á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Þá verður fullunnin tillaga auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga með sex vikna athugasemdafresti. Skipulagsnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á tillögunni skal auglýsa hana að nýju annars gengur skipulags- og umhverfisnefnd frá tillögunni til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær þá samþykktu tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis:

- Lýsing auglýst, febrúar 2022, a.m.k. 3 vikna athugasemdafrestur.
- Drög að deiliskipulagi kynnt á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt, mars/apríl 2022.
- Tillaga auglýst í apríl 2022, 6 vikna athugasemdafrestur.
- Stefnt að gildistöku skipulagsins sumar 2022.



Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is



LANGESBYGGÐ

HAFNARSVÆÐI ÞÓRSHAFNAR DEILISKIPULAG

Skipulagslýsing

KVARDI A1 1:2000

DAGS. 23. nóvember 2021

SKIPULAG: ABÓ, AKG
TEIKNAD: AKG

VERKNR. DH2101

TEIKN nr. 1

Br.
28. janúar 2022